

Sp.

258. Nefndarálit

[28. mál]

um till. til þál. um hagfræðilegar leiðbeiningar fyrir bændur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði umsagnar um tillöguna hjá Búnaðarfélagi Íslands, landnámsstjóra og Stéttarsambandi bænda.

Stjórn Búnaðarfélagsins tekur undir um efni tillögunnar og er fyrir sitt leyti reiðubúin til þátttöku af hálfu félagsins um samstarf við að vinna að hagfræðilegum upplýsingum á því sviði, sem tillagan fjallar um. Landnámsstjóri mælir með samþykkt tillögunnar, en Stéttarsamband bænda telur rétt að fela Búreikningaskrifstofu ríkisins það verkefni, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt. Gísli Guðmundsson mun bera fram breytingartillögu í samræmi við óskir Stéttarsambands bænda, og Geir Gunnarsson áskilur sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. febr. 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Gísli Jónsson.	Geir Gunnarsson.	Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.